

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Raufarhöfn



Dags eftirlits	11.10.2012	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST	
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Hermannsson	Staðsetning	636270,877 665926,619

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá starfsleyfi fannst við eftirlit, en loki í mengunarvarnarþró stóð opinn. Ein athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina varðandi rekstrarhandbók Skeljungs sem ekki var til staðar.

UMFANG EFTIRLITS

Stöðin var áður í rekstri hjá Olíudreifingu ehf. en skipt var um eigendur á síðasta ári og tók Skeljungur hf. þá við rekstrinum. Rekstrarhandbók ODR var enn í notkun þegar komið var í eftirlit og miðuðust skráningar og mælingar við það. Bæði félögin nota mánaðarblöð til skráninga, og sama starfsleyfi er enn í gildi. Farið var yfir skráningar og mælingar í stöðinni og voru mánaðarblöð í góðu lagi.

Tvær olíuskiljur eru í stöðinni og þjónustar önnur þró um birgðageyma en hin áfyllingarplani. Báðar skiljurnar stóðust kröfur um olíumagn í frárennsli og mældist hærra sýnið 4,9 ppm sem er vel undir kröfum í starfsleyfi.

Þrjár geymar eru í stöðinni og hafa allir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2010.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskiljur. Áfyllingarplan var svo og skoðað.

Tekið var á loka í frárennsli þróar og stóð hann opinn. Mikilvægt er að loki þessi standi alltaf lokaður nema þegar verið er að tæma vatn úr þrónni.

Girðingar og hlið voru í lagi.

Frávik frá

Ákvæði í grein 2.1- Frágangur birgðageyma.

Lýsing á fráviki

Krafa er um að olíugeymar standi í olúheldri þró. Við eftirlit stóð loki í frárennsli mengunarvarna opinn.

Strax var skrífað fyrir lokann, en hann hafði gleymst opinn þegar rigningavatn var síðast tæmt úr þrónni.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd 1:

Koma þarf upp rekstrarhandbók fyrir stöðina með viðbragðsáætlun, áætlun um rekstrarstöðvun og öðru sem þarf að vera til staðar.

ANNAÐ

Sýnatöku úr frárennsli olíuskilja og hreinsun olíuskilja þarf að framkvæma á árinu.

Botnþykktarmæling á geymi T1044 þarf að framkvæma á árinu 2013.

Reykjavík, 09.11.2012

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki nota talist frávik